

Ágengar plöntur

Plöntutegundir eru mjög misjafnar þegar kemur að fjölgun og útbreiðslu. Sumar tegundir láta lítið fyrir sér fara og aðrar taka sitt hæfilega pláss en einstaka tegundir virðast þurfa að leggja sífellt meira undir sig. Þær síðastnefndu eru yfirleitt kraftmiklar, sterkar og þolnar tegundir sem geta vaxið við ýmis skilyrði í mismunandi jarðvegi. Með fræjum eða jarðrenglum færa þær sig inn á önnur svæði en við ætlum þeim.

Mörg dæmi eru um plöntutegundir sem fluttar voru inn sem garðplöntur til skrauts eða nytja en hafa síðan reynst vera ágengar í náttúrusvæðum og ræktunarlandi. Þekktustu dæmin um slíkar plöntutegundir eru lúpína (Lupinus) sem flutt var inn til landgræðslu og skógarkerfill (Anthriscus) sem fluttur var inn til ræktunar í görðum.



Skógarkerfill er mjög víða í görðum um allt land. Myndar stórar breiður á skömmum tíma



Bjarnarkló vex upp við grindverk á fjölförnum stað. Mikil hætta er á að einhver reki sig utan í þær og geti hlotið brunasár af safanum

Risahvannir (Heracleum) hafa lengi verið ræktaðar í görðum og þykja mikið skraut. Þær eru ekki aðeins ágengar heldur einnig hættulegar, þar sem safi úr þeim er eitruður og veldur s.k. ljósertiexemi. Tegundir risahvanna sem vaxa héraendis eru tröllakló og bjarnarkló en sú síðarnefnda hefur meira útbreiðslusvæði.

Stórvaxnar ágegnaðar plöntur skyggja út og koma í veg fyrir að aðrar viðkvæmari tegundir vaxi þar innan um og þar með getur dregið úr fjölbreytileika á svæðinu.

Margar garðplöntur sem við höfum ræktað í görðum okkar dreifa sér mikið eins og valmúar (Papaver) og vatnsberar (Aquilegia) svo dæmi sé tekið.

Vandamálið verður þegar slíkar plöntur fara að færa sig úr görðunum. Þær framleiða yfirleitt mikið af fræi og eiga greiða leið í burtu, eitt skref í einu.



Vatnsberar og valmúar eru fallegar plöntur en oft reynist erfitt að halda þeim í skefjum

Fræ lúpínu spýttast langar leiðir þegar þau eru þroskuð. Standi maður í miðri lúpínubreiðu á rétta tímápunktinum heyrast smellir í fræbelgjunum þegar þeir opnast og greinilega má sjá fræin fljúga.



Lúpína er fljót að mynda breiður og stækka þær mikið árlega. Svipaða sögu er að segja af kerfil sem sækist eftir jarðveginum sem lúpínan hefur bætt heilmikið með aðstoð gerla sem vinna köfnunarefni úr andrúmsloftinu.

Það getur ekki talist eftirsóknarvert að stór svæði verði þakin einsleitum gróðri. Af því leiðir að tegundum fækkar og fjölbreytni minnkar. Á það við um bæði flóru og fánu þ.e. gróður og dýralíf.

Í bæjarlandinu eru falleg náttúrusvæði og tekist hefur að skapa falleg náttúruleg svæði víða í byggð. Garðabær hefur lengi unnið að því að halda ágengum tegundum frá þeim svæðum. Það krefst mikillar vinnu að stýra plöntum á þennan hátt og halda í skefjum eða eyða. Garðeigendur leggja sitt lóð á vogarskálarnar með því að halda slíkum plöntum í skefjum í eigin görðum og í nágrenni sínu.

Meiri fróðleikur um ágengar tegundir er m.a. að finna á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands og www.agengar.land.is